

Atvinna fyrir alla

Boð á norræna ráðstefnu: Virkjum fjölbreyttari mannauð

Hótel Nordica 9. og 10. nóvember 2009

Á síðustu árum hefur fólki með skerta starfsgetu fjölgað og þrýstingur á velferðarkerfin á Norðurlöndum aukist jafnhliða. Það er því verðugt verkefni að snúa þeirri óheillaþróun við með nýsköpun í starfsendurhæfingu og endurskoðun á velferðarkerfinu með það að leiðarljósi að það sé fólki mikilvægt að taka virkan þátt í verðmætasköpun í samfélaginu. Til þess að svo megi verða þarf að kanna allar mögulegar leiðir og ryðja ýmsum hindrunum úr vegi.

Á Norðurlöndum hefur orðið vitundarvakning um mikilvægi þessa máls, bæði hvað snýr að einstaklingunum sjálfum sem og atvinnulífinu og velferðarkerfinu. Íslendingar munu ríða á vaðið 9. og 10. nóvember næstkomandi og halda ráðstefnu þar sem fjallað verður um áhrifa- ríkustu aðferðirnar á Norðurlöndum við að virkja fólk sem hefur af ýmsum orsökum verið lengi utan vinnumarkaðar og býr við skerta starfsgetu.

Fyrirmyndarverkefni frá öllum norrænu ríkjunum verða kynnt og fjallað um þær aðferðir sem hafa reynst árangursríkar við að gera fólki kleift að gerast á ný virkir þátttakendur í atvinnu- lífinu. Sjónum verður einkum beint að ungu fólki, 30 ára og yngra.

Ráðstefnan er liður í formennskuáætlun Íslendinga í Norrænu ráðherranefndinni á árinu 2009. Félags- og tryggingamálaráðuneytið, Vinnumálastofnun og Starfsendurhæfingarsjóður standa að ráðstefnunni í samstarfi við aðrar norrænar stofnanir um atvinnu- og endurhæfingarmál.

Ráðstefnan fer fram á ensku og dagskrá verður auglýst síðar á vefsíðunni: norden2009.is/arbejde-til-alle. Nánari upplýsingar veitir Þórdís Yngvadóttir hjá félags- og tryggingamálaráðuneytinu, thordis.yngvadottir@fel.stjr.is, sími: 545 8100. Skráning er á heimasíðunni: yourhost.is/arbejdetilalle2009.

LÁRA T. BJÖRNSDÓTTIR

Lára Björnsdóttir
formaður norrænu embættismannanefndarinnar
um félags- og heilbrigðismál
hjá Norrænu ráðherranefndinni (EK-S)

Gylfi Kristinnsson

Gylfi Kristinnsson
formaður norrænu embættismannanefndarinnar
um atvinnulíf hjá Norrænu ráðherranefndinni (EK-A)



Nánari upplýsingar má sjá á norden2009.is/arbejde-til-alle

